

Fyrirspurn  
Flytjendur  
Til

E 3/2024  
Stjórnsýsluhindranahópur Norðurlandaráðs  
Ríkisstjórnar Svíþjóðar

## Fyrirspurn um rétt til atvinnuleysisbóta eftir launalaust leyfi og uppsögn úr starfi í Noregi/Finnlandi

### Til ríkisstjórnar Svíþjóðar

Komið hefur í ljós að þessi stjórnsýsluhindrun, sem hefur verið í forgangi hjá Stjórnsýsluhindranaráðinu frá árinu 2017, hefur ekki verið afgreidd hjá viðkomandi ráðherra. Afgreiðsla þýðir að ráðherra hafi leyst hindrunina eða afskrifað hana, sem merkir að ekki verði unnið frekar að lausn hennar.

Launþegar sem eru búsettir í Svíþjóð og hafa fengið launalaust leyfi frá starfi í Noregi eða Finnlandi eiga erfitt með að fá tekjutengdar bætur. Í Finnlandi er unnið að því að leysa stjórnsýsluhindrunina í vinnu að endurskoðun reglugerðar ESB 883/2004 um almannatryggingar. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins leggur til að vinnulandið beri ábyrgð á atvinnuleysisvörn að uppfylltum vissum skilyrðum. Málamiðlunartillaga 16.12.2021 fékk ekki einróma stuðning. Framkvæmdastjórnin íhugaði að draga tillöguna til baka í formennskutið Frakklands. Tékkland hélt áfram að vinna að því að ná samstöðu um málefnið. Unnið er að málefniinu undir formennsku Svíþjóðar í ESB.

Vinumálaráðuneytið í Svíþjóð hefur svarað því til Stjórnsýsluhindranaráðs að það álíti vandann vera fólgin í tímalengd launalauss leyfis. Regluverkið um hve lengi fólk getur verið í launalaus leyfi og hvað launalaust leyfi felur í sér að því er varðar hugsanlegan rétt á atvinnuleysisbættum er mismunandi milli norrænu landanna. Það er flókið að leysa þessa stjórnsýsluhindrun og það myndi að öllum líkindum fela í sér breytingar á finnskum, norskum eða sænskum lögum þar sem regluverk landanna eru byggð á mismunandi grunni og því er í mörgum tilfellum erfitt að samræma þau. Undanþágur eða aðrar tegundir skilyrða gætu haft í för með sér að regluverkið brjóti gegn jafnræðisreglu ESB.

Í ljósi þessa viljum við beina eftirfarandi spurningum til viðkomandi ráðherra:

- Hvenær reiknar ráðherra með því að þessi stjórnsýsluhindrun verði afgreidd sem afskrifuð samkvæmt ofangreindri skilgreiningu?



- Getur ráðherrann gefið stjórnsýsluhindranahópi Norðurlandaráðs uppfærðar upplýsingar um framgang vinnunnar að þessari stjórnsýsluhindrun frá árinu 2017?
- Hefur yfirstandandi vinna að endurskoðun reglugerðar ESB 883/2004 um almannatryggingar samstöðu um málefnið?

Nánari upplýsingar er að finna í gagnagrunni stjórnsýsluhindrana, stjórnsýsluhindrun nr. 14-022 <https://www.norden.org/da/node/36440>

Stokkhólmi, 6. febrúar 2024

*Per-Arne Håkansson (S)*  
*Anna-Kristiina Mikkonen (sd)*  
*Kim Berg (sd)*  
*Truls Vasvik (A)*  
*Ann-Sofie Alm (M)*  
*Heikki Autto (saml)*  
*Johan Hultberg (M)*  
*Maria Stockhaus (M)*

*Catarina Deremar (C)*  
*Johan Dahl (sb)*  
*Kjell-Arne Ottosson (KD)*  
*Ola Elvestuen (V)*  
*Sandra Listerby (Lib)*  
*Victoria Tiblom (SD)*  
*Tor André Johnsson (FrP)*